

Öryggisblað (MSDS)

Samkvæmt reglugerð UST nr. 750/2008 (REACH)

1. Heiti vöru - notkun - innflytjandi/framleiðandi

Vöruheiti:	RAIN-X 200ml
Vörunúmer:	801 99200
Notkunarsvið:	Glervörn
Framleiðandi:	ITW Global Brands Houston TX, 77024-8042 USA
Söluaðili:	N1 Dalvegur 10-14 201 Kópavogur 440 1000
Sími:	440 1000
Netfang:	n1@n1.is
Veffang:	www.n1.is

Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222.
Neyðarlinan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

Flokkun vörunnar:

Hættumerking: F, Xi



Mjög eldfimt



Ertandi

Hættusetningar:	H11	Mjög eldfimt
	H36	Ertir augu
	H66	Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð
	H67	Innöndun gufu getur valdið sjóleika og svima
Varnaðarsetningar:	V2	Geymist þar sem börn ná ekki til
	V9	Geymist á vel loftræstum stað
	V16	Haldið frá hita- og neistagjöfum - Reykingar bannaðar
	V33	Gerið varúðarráðstafanir gegn stöðurafmagni

Sjá einnig 11. og 15. lið.

3. Samsetning - upplýsingar um innihaldsefni

Inniheldur: Blöndu vatns, alkóhóla og aukaefna.

Flokkun skv. EB 1999/45 (DPD):

	EB-nr.	CAS-nr.	Styrkur %	Raðnúmer.	H-setningar	Hættuflokkun
Etanól	200-578-6	64-17-5	30-60		H11	F
Aseton	200-662-2	67-64-1	10-30		H11, H36, H66, H67	F, Xi
Ísoprópanól	200-661-7	67-63-0	10-30		H11, H36, H67	F, Xi

Sjá texta H-setninga og heiti varnaðarmerkja innihaldsefna í 16. lið.

Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

4. Skyndihjálp

Almennt:	Öryggisblað skal ávallt vera tiltækt á vinnustað. Tryggið eigið öryggi við hjálparstörf. Ef grunur um heilsutjón vaknar skal strax leita til læknis. Sýnið öryggisblaðið. Sé sá slasaði meðvitundarlaus, leggið hann í læsta hliðarlegu og leitið strax læknis. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.
Innöndun:	Tryggið ferskt loft. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Annarrar meðferðar ekki þörf við venjulega aðstæður.
Inntaka:	Meðferðar ekki þörf nema við inntöku mikils magns. Leitið læknis.
Snerting við húð:	Meðferðar er ekki þörf við venjulegar aðstæður.
Snerting við augu:	Skolið strax með miklu vatni í a.m.k. 30 mín. og haldið augum vel opnum. Fjarlægjið augnlinsur fyrir skolon. Skolið einnig undir augnlokum. Leitið strax læknis.
Helstu einkenni:	
Innöndun:	Gufa veldur vægri ertingu.
Inntaka:	Hættulegt, getur valdið lungnaskaða við inntöku. Inntaka getur valdið sljóleika og svima. Einkenni geta komið fram mörgum klist eftir inntöku. Endurtekin inntaka getur skaðað lifur, valdið skaða á miðtaugakerfi, höfuðverk, svima, sljóleika og ógleði. Einkenni lifrarskaða geta verið lystarleysi, gula, og bólgur í efri hluta kviðarholis.
Snerting við húð:	Getur valdið nokkurri húðertingu. Langvarandi og endurtekin snerting getur affitað og valdið þurri/sprunginni húð.
Snerting við augu:	Ertir augu. Veldur sviða, roða, sjóntruflunum og sársauka.
Til heilbrigisstarfsmanna:	Meðferð samkvæmt einkennum. Einstaklingar er nota Dísúlfíram (Antabuse) ættu að vita að etanól í þessari vöru er þeim jafn varasamt og áfengi. Viðbrögð vegna notkunar lyfsins (uppköst, höfuðverkur, jafnvel fall), geta komið fram við inntöku lítils magns vörunnar, eða snertingar við húð.

5. Bruni - slökkviaðgerðir

Slökkvibúnaður:	Nota má öll algeng slökkviefni t.d koldíoxíð, alkóhólþolna froðu, duft, vatnsúða, forðist að nota beinan vatnsgeisla.
Almenn viðbrögð:	Eldfimt, haldið fjarri hita- og neistagjöfum. Gætið að efni frá slökkvistarfi og mengað vatn berist ekki í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.
Hættuleg myndefni:	Eldfimt. Gufa er þyngri en loft og getur safnast á lágt liggjandi svæði, t.d. kjallara. Getur myndað sprengifimar blöndur með lofti. Gufa getur streymt að íkveikjuvaldi og dreift eldi.
Sérstakur hlífðarbúnaður:	Nauðsynlegt getur reynst að nota sjálfstæðan öndunarbúnað og hlífðarfatnað.
Annað:	Blossamark: -3°C. Eldfim gufa kann að vera til staðar við hitastig undir blossamarki.

6. Efnaleki

Öryggisráðstafanir:	Notið viðeigandi persónuhlífar, sbr. 8.lið. Tryggið góða loftræstingu. Haldið fólki fjarri. Reykið ekki. Forðist innöndun og snertingu við augu og húð. Haldið fjarri eld- og neistagjöfum, og stöðurafragnni.
Ráðstafanir v. umhverfis:	Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.
Hreinsunaraðferðir:	Notið ísogsefni, svo sem jarðveg, sand, kísilgúr, sag eða sambærileg efni. Hreinsið mengað svæði með vatni. Setjið í þar til gerð vel merkt ílát og fargið sbr. 13.lið.

7. Meðhöndlun og geymsla

Meðhöndlun:	Fylgið almennum ráðstöfunum og takmörkunum sem tíðkast við meðhöndlun varasamra efna. Tryggið góða loftræstingu. Gerið ráðstafanir gegn stöðurafragnni. Notið viðeigandi persónuhlífar skv. grein 8. Forðist myndun og innöndun gufu og úða. Forðist snertingu við húð og augu. Geymið ekki klúta vætta í efninu í vösum. Neytið ekki fæðu, né reykið á stöðum þar sem efnið er notað eða geymt. Haldið fjarri neistagjöfum.
Geymsla:	Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum við herbergishita á þurrum, vel loftræstum stað. Neytið einskis í námunda við efnið. Geymist þar sem börn ná ekki til. Haldið fjarri hita-, neistagjöfum, og eldi.

8. Takmörkun váhrifa - persónuhlífar

Viðmiðunarmörk váhrifa:

Efni:	8 kist ppm	8 kist mg/m ³	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m ³	Athugasemd
Etanól	1000	1900			OSHA Z1A
Aseton	750	1800	1000	2400	OSHA Z1A
Ísoprópanól	400	980	500	1225	OSHA Z1A

Persónuhlífar:	Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk vörunnar innan mengunarmarka. Notið öndunarbúnað sé það ekki unnt. Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnaskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.
Hendur:	Notið viðeigandi, efnaþolna hlífðarhanska við langvarandi notkun. Skiptið oft um hanska við vinnu með vöruna.
Augu:	Notið hlífðargleraugu með hlífðarvörn af viðurkenndri gerð, sé þörf á að forðast slettur eða úða.
Almennt:	Notið hlífðarfatnað við vinnu með vöruna og gætið þess að hann hæfi aðstæðum.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

Eðlisástand:	Vökvi
Litur:	Glær/litlaus
Lykt:	Alkóhólykt
pH:	1,0-2,5
Blossamark:	-3°C
Eðlismassi (20°C):	0,81 g/cm ³
Rokgjörn lífræn efni (VOC):	72% rúmmál

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

Stöðugleiki:	Stöðugt við venjulega notkun og aðstæður.
Aðstæður að varast:	Hátt hitastig, opinn eldur og neistar.
Hættuleg niðurbrotsefni:	Kolmónoxíð, koldíoxíð.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

Bráð eiturrhif:	Varan veldur ekki bráðum eiturrhifum samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum.
Innöndun:	Getur verið hættulegt við innöndun. Innöndun gufu eða úða getur ert öndunarfæri.
Inntaka:	Inntaka getur valdið sljóleika og svima. Endurtekin inntaka getur skaðað lifur.
Snerting við húð:	Getur valdið nokkurri húðertingu. Langvarandi og endurtekin snerting getur affitað og valdið þurri/sprunginni húð.
Snerting við augu:	Getur ert augu.

Eiturefnafræðilegar upplýsingar um innihaldsefni:

Efni:	LD ₅₀	LD ₅₀
Rain-X	>2000 -<5000 mg/kg (inntaka rotta)	>2000-<5000 mg/kg (isog kanína)

Næming: Veldur ekki næmingu

Krabbameinsvaldandi áhrif: Engin slík áhrif hafa komið fram í dýratilraunum.

Efni:	Flokkun m.t.t. krabbameinsvaldandi áhrifa:
Etanól	ACGIH FI. A4 Flokkast ekki sem krabbameinsvaldur í fólki
Aseton	ACGIH FI. A4 Flokkast ekki sem krabbameinsvaldur í fólki
Ísoprópanól	IARC 3: Flokkun ekki möguleg út frá fyrirliggjandi niðurstöðum

Áhrif til stökkbreytinga: Ekki er gert ráð fyrir slíkum áhrifum.

Áhrif á æxlun og þroska: Getur valdið fóstureitrunum. Etanól, eitt innihaldsefna getur valdið fæðingargöllum og/eða fósturláti.

12. Vistfræðilegar upplýsingar

Visteiturhri:	Hafa ekki verið ákvörðuð sérstaklega fyrir þessa vöru. Upplýsingar hér að neðan eru byggðar á fyrirliggjandi þekkingu á innihaldsefnum og visteiturhriðum áþekkra efna.
Bráð visteiturhri:	Varan er talin nánast skaðlaus umhverfinu.
Dreifanleiki:	Leysist og dreifist í vatni.
Önnur neikvæð áhrif:	Varan er hvorki talin eyða ósóni, sé hafa áhrif á hnattræna hlýnun.

13. Förgun

Vara:	Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku.
Umbúðir:	Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og efnið sjálft. Endurnýtið ekki umbúðir. Tæmdar umbúðir geta skapað eld og sprengihættu.

14. Flutningar

ADR

UN Númer	1987
Efnisheiti v. flutninga:	ALCOHOLS N.O.S.
Hættuflokkur:	3
Pökkunarflokkur:	II
Hættuundirflokkur:	F1



IATA:

UN Númer	1987
Efnisheiti v. flutninga:	ALCOHOLS N.O.S.
Hættuflokkur:	3
Pökkunarflokkur:	II



IMDG:

UN Númer	1987
Efnisheiti v. flutninga:	ALCOHOLS N.O.S. (Ethyl alcohol, Isopropyl alcohol)
Hættuflokkur:	3
Pökkunarflokkur:	II
EmS No.	F-E, S-D
Sjávarmengandi:	Nei



15. Lög og reglugerðir

EB reglugerðir:	Varan samrýmist EB 1272/2008, og tilskipunum 67/548 EB og 1999/45 EB, svo og EB 1907/2006.
------------------------	--

16. Aðrar upplýsingar

Varan er skráð hjá Eitrunarmiðstöð LSH.

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði:

H11	Mjög eldfimt
H36	Ertir augu
H66	Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð
H67	Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima

Útgáfa:	1
Dags:	23.05.2012

Öryggisblað þetta er unnið af Gunnari Þórðarsyni efnaverkerfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi. Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efnis-eiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda. Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:	ITW GLOBAL BRANDS: MATERIAL SAFETY DATA SHEET RAIN-X ORIGINAL GLASS TREATMENT
Útgáfa:	10.08.2010